

UMSÖGN UM ÞINGMÁL 329 – FRUMVARP UM NÝ SÓTTVARNALÖG

Í þessu nýja frumvarpi (þingmál 329) eru nokkur ákvæði, sem ég tel að samræmast ekki lýðræði okkar og ótakmörkuðum rétti yfir líkama okkar, meðal annars eftirfarandi:

5. gr. - Inngrip: Götun eða skurður í húð eða ísetning áhalds eða framandi efnis í líkamann eða rannsókn á líkamsholi. Með inngripi er [EKKI] átt við læknisrannsókn á eyra, nefi og munn, hitamælingu með eyrna-, munn- eða hörundshitamæli, eða hitamyndatöku, læknisskoðun, hlustun, ytri þreifingu, sjónuspeglun, töku þvag-, saur- eða munnvatnssýnis utan frá, mælingu blóðþrýstings utan frá eða hjartalínurit. [...]

Athugasemd: Ég geri alvarlega athugasemd við þessa grein. Ef þarna er átt við að lögin nái yfir það að setja meggi örflögu (rakningatæki) í líkama fólks eða að rannsaka meggi líkamshol þess (hljómar eins og gera meggi það án samþykkis), tel ég slík lög ekki samræmast lýðræðinu í landinu.

Ef sóttvarnalækni og einum ráðherra, á hverjum tíma, eru veittar heimildir til að ákvarða slíkt tel ég að við höfum vikið langt frá lýðræðisreglum landsins – og að farið sé að líta á og merkja íbúa landsins líkt og þræla, sem hér áður voru brennimerktir eða tattóveraðir eins og fangar í fangabúðum nasista í síðari heimstyrjöldinni. Einungis hefur þá orðið uppfærsla á merkingakerfinu.

7. gr. - Ónæmisaðgerð: Skipulögð aðgerð sem örvar ónæmiskerfið til að halda smitsjúkdómi í skefjum í samfélaginu, svo sem með **bólusetningu eða gjöf mótefna.** [...]

Athugasemd: Á næstu mánuðum er fyrirhuguð bólusetning á fólki hér á landi með bóluefni sem hefur aldrei áður verið notað á mönnum! Ljóst er að skyldubólusetning er nú þegar í lögum frá árinu 1997, skv. [frétt á mbl.is](#)).

Ljóst er að verið er að setja þessar reglur í tengslum við Covid-19, sem hefur á engum tíma náð því að vera umfangsmeiri farsótt en venjuleg árleg flensa hefur verið. Engar opinberar upplýsingar liggja fyrir um hvaðan fyrirhugað bóluefni kemur, hvað í því er og né hvaða aukaverkanir fylgja því. Engar upplýsingar liggja fyrir um þær aukaverkanir sem fram komu hjá þátttakendum í tilraunum með bóluefnið – svo við erum að renna í „blindan sjó“.

Þau bóluefni sem eru að koma á markað eru „hraðsoðin“ og framleidd á skömmum tíma, mun skemmri en nokkuð bóluefni hefur áður verið framleitt á. Að auki bera þær litlu upplýsingar sem fram hafa komið með sér að um algerlega „nýja“ gerð af bóluefni sé að ræða með RNA, sem breytir DNA-i líkamans og einnig hefur verið talað um að það innihaldi örflögur.

Ég geri því athugasemd við bæði núverandi lög um skyldubólusetningu, svo og um þetta frumvarp að nýjum lögum og fer fram á að skyldubólusetning verði fellt niður. Samkvæmt yfirlýsingu sóttvarnalæknis hafa um 70% þjóðarinnar þegar óskað eftir bólusetningu og sóttvarnalæknir hefur jafnframt sagt að 60-70% bólusettra íbúa landsins eigi að duga til að mynda hjarðónæmi hér á landi.

Í gærkvöldi rakst ég á [frétt á mbl.is](#) um að búið væri að leggja fyrir þingið stjórnarfrumvarp að bótarétti vegna bólusetningar. Á vef Alþingis er þetta frumvarp merkt sem [bingskjal 463](#).

Þetta frumvarp gefur til kynna að heilbrigðisráðherra og sóttvarnalæknir telji að einhverjir gætu skaðast af bóluefninu. Eðli málsins samkvæmt, tel ég því enn mikilvægara að bólusetning sé valkvæð.

9. gr. - Skimun: Kerfisbundin yfirstandandi söfnun, samantekt og greining á gögnum í þágu lýðheilsu og tímanleg miðlun lýðheilsuupplýsinga til að unnt sé að meta þær og bregðast við með aðgerðum á sviði lýðheilsu, eftir því sem þörf krefur.

Athugasemd: Hér er ég með fyrirspurn um það hvort lögin eigi að fela í sér stöðuga skimun á þessari þjóð og öllum þeim sem til landsins koma? Ég spyr þar sem talað er um „kerfisbundna yfirstandandi söfnun“ í frumvarpinu.

Jafnframt tel ég mikilvægt að fram komi hvort niðurstöður skimana séu varðveittar hér í gagnabanka eða hvort samstarfsaðila heilbrigðiskerfisins, Íslenskri erfðagreiningu sé heimilt að deila þessum upplýsingum með Amgen, bandaríska lyfjafyrirtækinu sem á Í.E. Ef slíkt er raunin væri í mínum huga verið að gera íbúa landsins að tilraunaverkefni fyrir hagsmunaaðila.

Almennt: Tillaga að nýjum sóttvarnarlögum þar sem kveðið var á um skyldubólusetningu, nauðungarvistun og fleiri inngrip í líf fólks var [nýlega felld](#) í danska þinginu, eftir að stór hópur fólks beitti „*Búsáhaldabyltingarleiðinni*“ í níu daga fyrir utan þinghús þeirra.

Við höfum gjarnan verið samstíga Norðurlandabjóðunum í setningu ýmissa laga og reglugerða. Því væri ekki úr vegi að fylgja þeim í þessu máli líka.

Ritað í Reykjavík, 2. desember 2020

Með vinsemd og virðingu
Guðrún Bergmann – kt. 251050-2799